



Fundargerð 14. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 21. nóvember 2014, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Johan D Jónsson, Þorsteinn Gunnarsson, Ásgeir Eiríksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Púriður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjaness)

1. Starfs- og fjárhagsáætlun 2015

Starfs- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 lögð fram.

2. Leigumál á Reykjanesi

Framhald umræðna frá síðasta fundi um leigumál á Reykjanesi. Róbert sagði frá stöðu málsins. Fundað verður með landeigendum 24. nóvember nk. Stjórn óskar eftir viðræðum við Reykjanesbæ um sameiginlegan skilning á málinu.

3. Stofnun fagráða

Lögð fram tillaga að stofnun fagráðs um fræðslu- og rannsóknir. Í ráðinu eiga sæti 5 fulltrúar. Stjórn Reykjanes jarðvangs skipar fagráðið til tveggja ára í senn. Í ráðinu á sæti 1 fulltrúi frá Þekkingarsetri Suðurnesja, 1 fulltrúi frá Keili – miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs, 1 fulltrúi frá HS Orku og 2 fulltrúar tilnefndir af stjórn. Stjórn mun tilnefna í ráðið á næsta fundi sínum.

4. Reykjanes Moonrace

Verkefnastjóri kynnti fyrstu hugmyndir að viðburði sem rætt hefur verið um að halda innan jarðvangsins vorið 2015.

5. Kynning á visitreykjanes.is

Púriður kynnti nýja heimasíðu Markaðsstofu Reykjanes, visitreykjanes.is og hvernig hún getur nýst jarðvangnum í markaðssetningu.

6. Kynning á Umhverfisstofnun og landvarsla á Reykjanesi

Ólafur A. Jónsson sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun kynnti starfsemi stofnunarinnar og hvernig landvörslu er háttað á Reykjanesi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ

Kristín Vala Matthíasd.

Gísli Heiðarsson

Berglind Kristinsdóttir